

Fundargerð 163. fundar stjórnar Austurbrúar haldinn 19. ágúst 2025

Fundurinn haldinn í Végarði, Fljótsdal, og hófst kl. 11:30.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Þuríður Lillý Sigurðardóttir, Eyþór Stefánsson, Stefán Þór Eysteinnsson, Axel Örn Sveinbjörnsson og Díana Mjöll Sveinsdóttir. Jóhann F. Þórhallsson sem áheyrnarfulltrúi.

Mætt frá Fljótsdalshreppi: Helgi Gíslason, Halla Auðunardóttir, Anna Jóna Árnarsdóttir, Guðni Jónsson og Kjartan Benediktsson.

Mætt frá Austurbrú: Bryndís Fiona Ford, framkvæmdastjóri, og Jón Knútur Ásmundsson, fundarritari.

Dagskrá

- Fundargerð stjórnarfundar nr. [162](#) til kynningar**
- Fundur með sveitarstjórn Fljótsdalshrepp og hádegisverður**
 - Helgi Gíslason, sveitarstjóri, fór yfir helstu mál sem brenna á heimamönnum m.a. áherslur í tengslum við vegagerð og stjórn SSA hvött til að beita sér í umræðum um nýja samgönguáætlun. Sveitarstjóri sagði frá fyrirhuguðum orkuverkefnum í Fljótsdal og stöðu þeirra í dag. Hann sagði frá starfsemi við Hengifoss og uppbyggingu þéttbýlis í Fljótsdal en forseti Íslands tók fyrstu skóflustunguna að fyrsta húsinu í landi Hamborgar í ágúst.
- Helstu verkefni Austurbrúar – skýrsla framkvæmdastjóra**

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni Austurbrúar frá síðasta stjórnarfundi í júní og svaraði spurningum stjórnarmanna. Meðal þess sem farið var yfir:

 - Framkvæmdir á Vonarlandi, starfsstöð Austurbrúar á Egilsstöðum.
 - Starfsmannamál (kynnti nýja starfsmenn).
 - Málefni Eyglóar og breytt staða verkefnisins.
 - Fréttabréf Austurbrúar frá því í júlí.
 - Opinn íbúafundur innviðaráðherra á Egilsstöðum 26. ágúst.
 - Heimsókn rektors HÍ 28. ágúst.
- Önnur mál**
 - Engin önnur mál til umræðu.

Fundi slitið kl. 13:45.

Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Stefán Þór Eysteinsson

Eypór Stefánsson

Axel Örn Sveinbjörnsson

Díana Mjöll Sveinsdóttir

Jóhann Frímann Þórhallsson